



Umsókn um nýjan héraðsveg

Nafn:

Kennitala:

Aðsetur:

Sími:

Rökstuðningur fyrir þörf á nýjum vegi:

Lýsing á staðhættum, staðsetning, heiti bæja sem vegur skal liggja að og áætlaður heildaríbúafjöldi við veg:

Sótt er um á grundvelli:

- skilyrðis um fasta búsetu
- skilyrðis um að rekin sé atvinnustarfsemi á staðnum
- skilyrðis um kirkjustað
- skilyrðis um opinberan skóla eða annarra opinberra stofnana
- skilyrðis um sumarhúsaferfi
- annarra skilyrða - skýring: _____

Fylgigögn:

- Vottorð þjóðskrár um lögheimilisskráningu
- Staðfesting sveitarfélags á því að skilyrði um fasta búsetu sé uppfyllt
- Staðfest deiliskipulag (uppdráttur)
- Uppráttur af æskilegri staðsetningu fyrirhugaðs vegar
- Staðfesting á skráningu tilkynningar skyldrar starfsemi til skattstjóra, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
- Skattframtöl rekstraraðila og eða önnur þau gögn er sýnt geta fram á að skilyrði laganna um atvinnustarfsemi sé uppfyllt
- Ef gert er ráð fyrir að vegur liggji um land í eigu annarra en umsækjanda, skal fylgja staðfesting þinglýsts eiganda þeirrar fasteignar á því að hann sé ekki mótfallinn vegarlagningunni og samþykki hans á því að leggja land undir veg
- Annað ? Hvað .. _____

Vinsamlegast sendið umsókn til næstu svæðisskrifstofu Vegagerðarinnar:

Suðvesturland

Vegagerðin
Borgartún 5
105 Reykjavík

Suðurland

Vegagerðin
Breiðumýri 2
800 Selfoss

Norðausturland

Vegagerðin
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

Norðvesturland

Vegagerðin
Borgarbraut 66
310 Borgarnes

Héraðsvegir eru ein tegund þjóðvega og eru þeir skilgreindir með eftirfarandi hætti, sbr. c.liður 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007:

„Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, atvinnustarfsemi, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis sem ákveðnir eru á staðfestu skipulagi og taldir eru upp í vegaskrá. Héraðsvegur skal aldrei ná nær framangreindum stöðum en 50 m ef hann endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.“

Athygli skal vakin á því að hugtakið *býli* er skilgreint í 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. vegalaga nr. 80/2007 með eftirfarandi hætti: *„Íbúðarhúsnæði þar sem fóst búseta er **og** skráð lögheimili.“*

Í þeim tilvikum þegar sótt er um héraðsveg á grundvelli þess að um atvinnustarfsemi sé að ræða er rétt að vekja athygli á því að sýna þarf fram á að um sé að ræða reglubundna starfsemi sem rekin er í hagnaðarskyni.

Fallist Vegagerðin á beiðni um lagningu nýs héraðsvegar skal skráður eigandi fasteignar greiða helming eftirfarandi kostnaðar við vegagerðina, sbr. 20. gr. laga nr. 80/2007.

- Kaup á landi undir veg
- Hönnun vegar
- Bygging vegar
- Eftirlit með gerð vegar

Lega vegar skal ákveðin í samráði við skráðan eiganda fasteignar, en endanleg ákvörðun um legu er í höndum Vegagerðarinnar.

Bent skal á að Vegagerðin er veghaldari þjóðvega, skv. a. lið 1. mgr. 5. gr. vegalaga nr. 80/2007. Hafi umsækjandi þegar látið byggja veg, eða hafið vegaframkvæmdir án leyfis og samráðs við Vegagerðina er Vegagerðinni heimilt að hafna umsókn þrátt fyrir að skilyrði héraðsvegar, skv. c.lið 2. mgr. 8. gr. laganna kunni að vera uppfyllt.

Ég staðfesti að ég hef kynnt mér og samþykki ofangreinda skilmála

Staður og dagsetning

Umsækjandi

Fasteign sem sótt er um veg að

Umsækjandi

Fasteign sem sótt er um veg að

Umsækjandi

Fasteign sem sótt er um veg að

Umsækjandi

Fasteign sem sótt er um veg að

Umsækjandi

Fasteign sem sótt er um veg að